



TÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

í samvinnu við Nótuna 2022, uppskeruhátíð tónlistarskólanna



í Seltjarnarneskirkju
laugardaginn 26. nóvember 2022
kl. 16:00

Stjórnandi: Oliver Kentish

Einleikarar: Þórdís Emilía Aronsdóttir, Emilía Rut Kristjánsdóttir,
Haraldur Áss Liljuson, Margrét Lára Jónsdóttir og Vasył Zaviriukha

Aðgangur er ókeypis,

en gestir eru hvattir til að styðja við starf hljómsveitarinnar
með frjálsum framlögum inn á reikning 4704972469 0137 05 18182.

Eða bara í hattinn við innganginn.

EFNISSKRÁ:

Johann Sebastian Bach: Konsert fyrir tvær fiðlur og strengi, BWV 1043

Vivace

Largo ma non tanto

Allegro

Einleikarar: Þórdís Emilía Aronsdóttir og Emilía Rut Kristjánsdóttir

C. A. de Bériot: Konsert nr. 9 fyrir fiðlu og hljómsveit, fyrsti kafli

Einleikari: Haraldur Áss Liljuson

W. A. Mozart: Fiðlukonsert nr. 5 í A-dúr, K 219, fyrsti kafli

Allegro aperto – Adagio – Allegro aperto

Einleikari: Margrét Lára Jónsdóttir

Joseph Haydn: Píanókonsert nr. 11, í D-dúr

Vivace

Un poco adagio

Rondo all'Ungherese – Allegro assai


Einleikari: Vasyl Zaviriukha

NÓTAN - uppskeruhátíð tónlistarskóla – hefur verið haldin árlega um margra ára skeið með það að markmiði, meðal annars, að styrkja ungt tónlistarfólk til listsköpunar og efla listir, menntun og menningu í samfélaginu. Það er gert meðal annars með því að veita tónlistarnemendum viðurkenningu fyrir afrakstur vinnu sinnar og frammistöðu. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna gekk fyrst til samstarfs við Nótuna 2016 með því að gefa ungum tónlistarmönnum, þátttakendum í uppskeruhátíðinni, tækifæri til að leika einleik með hljómsveitinni. Hljómsveitin þakkar aðstandendum Nótunnar ánægjulega samvinnu og óskar unga tónlistarfólkinu gæfu á tónlistarbrautinni. Að þessu sinni urðu fyrir valinu fiðluleikararnir Þórdís Emilía Aronsdóttir og Emilía Rut Kristjánsdóttir frá Suzukitónlistarskólanum í Reykjavík, Haraldur Áss Liljuson frá Allegro Suzuki-tónlistarskólanum, Margrét Lára Jónsdóttir frá Menntaskólanum í tónlist, og píanóleikarinn Vasyl Zaviriukha frá Tónskóla Sigursveins.



UM TÓNVERK OG FLYTJENDUR


Johann Sebastian Bach (1685-1750) samdi þrjá konserta fyrir tvær fiðlur og strengi. Konsertinn í d-moll BWV 1043 er meðal þekktustu verka meistarans, og er þó af mörgu að taka. Fullyrða má að enginn fiðluleikari kemst til vits og ára án þess að takast á við þetta magnaða verk. Talið er að Bach hafi samið konsertinn á árunum 1717-1723 þegar hann var tónlistarstjóri við hirðina í Anhalt-Köthen. Sum af mögnuðustu verkum hans voru samin á þessu tímabili, til dæmis Brandenburgarkonsertarnir. Sjálfur hefur Jóhann Sebastian varla verið óánægður með konsertinn því nokkrum árum síðar gerði hann aðra útgáfu verksins, nú fyrir tvo sembala og hljómsveit og breytti tóntegund úr d í c-moll. Þannig endurnýttu önnur kafin tónskáldin gjarnan verk sín og annarra, ef þeim þótti vel hafa tekist til. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur einu sinni áður flutt konsertinn BWV 1043. Það var í desember 2016 og einleikarar voru Jóhanna Brynja Ruminy og Jóhann Örn Thorarensen.



Johann Sebastian Bach



Þórdís Emilía Aronsdóttir



Emilía Rut Kristjánsdóttir

Þórdís Emilía Aronsdóttir, 14 ára, hóf nám í fiðluleik í Suzukitónlistarskólanum í Reykjavík 5 ára gömul hjá Sólrúnu Gunnarsdóttur. Helga Steinunni Torfadóttir tók svo við kennslunni þegar Þórdís var 7 ára. Árið 2021 tók hún 6. stigs próf og í framhaldi þess þreytti hún inntökupróf í MÍT og hóf nám þar um haustið undir handleiðslu Auðar Hafsteinsdóttur.

Þórdís hefur sótt fjölmörg námskeið bæði hér heima sem og erlendis m.a. sumarnámskeið Guðnýjar Guðmundsdóttur, Bryanston á Englandi, námskeið Önnu Podhajske í Póllandi og námskeið Suzukisambanda í Danmörku, Ítalíu, Lettlandi og Litháen auk Íslands. Að auki hefur hún sótt HIMA námskeiðið nánast árlega frá árinu 2016 þar sem hún hefur spilað í masterclass fyrir Almitu Vamos, Auði Hafsteinsdóttur, Ara Þór Vilhjálmsson, Guðnýju Guðmundsdóttur, Sigurbjörn Bernharðsson og Sif Tulinius. Þórdís hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum, m.a. með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitarinnar, spilað í útvarpsmessu og verið meðlimur í hljómsveitinni Ikuzus undir stjórn Helgu Steinunnar og Örnólfs Kristjánssonar.

Þórdís hefur hlotið viðurkenningar fyrir fiðluleik, árið 2020 fékk hún 3. verðlaun í F. Janiewicz keppninni sem haldin var á vegum Pólska Sendiráðsins á Íslandi og árið 2021 vann hún 3. verðlaun í Primuz International String Competition í Póllandi, auk þess sem hún hefur spilað fyrir hönd Suzukitónlistarskólans í Reykjavík á Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna.

Emilía Rut Kristjánsdóttir er 14 ára gömul. Hún hóf fiðlunám hjá Helgu Steinunni Torfadóttur í Suzukitónlistarskólanum í Reykjavík 5 ára gömul og lauk þar grunnprófi í fiðluleik vorið 2017 og síðar miðprófi vorið 2020. Emilía hefur tekið þátt í mörgum verkefnum með Helgu Steinunni, svo sem

leikið á Svæðistónleikum Nótunnar, á styrktartónleikum, í útvarpsmessu í Grensáskirkju ásamt því að hafa tekið þátt í Fiðlukeppni F. Janiewicz þar sem hún vann 2.verðlaun í sínum flokki árið 2019. Þá hefur hún einnig tekið þátt í fjölmörgum námskeiðum og masterklössum bæði á Íslandi og erlendis. Emilía er einnig meðlimur í Strengjasveitinni Ikuzus. Núna í haust hóf hún síðan nám hjá Auði Hafsteinsdóttur við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar samhliða því að vinna að undirbúningi þessa tónleika með Helgu Steinunni og Örnólfi Kristjánssyni.

Charles Auguste de Bériot (1802-1870) var belgískur fiðlusnillingur sem lét einnig verulega til sín taka sem kennari og tónskáld. Margir af helstu fiðluleikurum í Evrópu um miðja nítjándu öldina sóttust eftir tilsögn hans og hann skrifaði kennslubækur sem notaðar voru víða. Hann samdi meðal annars 10 fiðlukonserta og er sá níundi þeirra vinsælastur og mest fluttur. Konsertinn var gefinn út 1859 og þykir enn verðugt viðfangsefni lengra kominna nemenda.



Charles Auguste de Bériot



Haraldur Áss Liljason

Haraldur Áss Liljason leikur fiðlukonsert í a-moll op. 104 eftir C.A. Bériot, 1. kafla. Haraldur hóf fornám í fiðluleik við Allegro Suzukitónlistarskólann við 3ja og hálfis árs aldur hjá Helgu Steinunni Torfadóttur. Á miðri önn flutti hann með fjölskyldu sinni til Frakklands og hóf þar fiðlunám 5 og hálfis árs hjá Önu Mariu Sanchez við Suzuki tónlistarskólann í Strasbourg. Haraldur hélt sambandi við Allegro Suzukitónlistarskólann á meðan hann bjó í Frakklandi og fór reglulega í tíma hjá Lilju Hjaltadóttur í fríum á Íslandi. Síðan hann flutti alkominn heim til Íslands haustið 2021 hefur Haraldur lært undir leiðsögn Lilju í Allegro Suzukitónlistarskólanum. Haraldur er nemandi í 8. bekk í Hagaskóla.

Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) var ekki aðeins afburða tónskáld og snjall hljómborðsleikari. Hann var líka góður fiðluleikari. Leopold, faðir hans, var virtur fiðluleikari og kennslubók, sem hann skrifaði, var í notkun löngu eftir hans dag. Mozart samdi nokkra fiðlukonserta, flesta á tímabilinu 1773-1779, og hefur líklega frumflutt þá sjálfur þó öruggar heimildir fyrir því finnast ekki. Konsertinn í A-dúr var saminn 1775 og frumfluttur um jólaleytið. Hafi Mozart sjálfur leikið hann, fer ekki milli mála að 19 ára ungliturinn hefur verið býsna sleipur fiðlari. Þó Leopold hafi hvatt son sinn til dáða við fiðluleikinn var Mozart aldrei sérstaklega áhugasamur. Hann sýndi raunar víólunni meiri áhuga og lék gjarnan á hana á mannamótum. Frægt er þegar einn af kvartettum Mozarts var fluttur í Vínarborg. Þar léku Haydn og Dittersdorf á fiðlur og Mozart á víólu. Það hefur líklega ekki verið leiðinlegt að vera sellóleikari í þeim kvartett. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur þrisvar áður flutt fiðlukonsertinn í A-dúr, fyrst á öðru starfsári sveitarinnar, í desember 1991 og var Bryndís Pálsdóttir þá einleikari. Hjörleifur Valsson var einleikarinn á tónleikum í mars 2003 og Sif Tuliníus á tónleikum í febrúar 2009.




Wolfgang Amadeus Mozart



Margrét Lára Jónsdóttir

Margrét Lára Jónsdóttir er fædd 2005. Hún hóf Suzuki-fiðlunám sex ára gömul hjá Ólöfu Þorvarðsdóttur í Tónskólanum Do Re Mi árið 2011. Haustið 2013 flutti hún sig yfir í Allegro Suzukitónlistarskólann þar sem Lilja Hjaltadóttir var kennari hennar. Frá haustinu 2018 hefur Margrét Lára stundað framhaldsnám í fiðluleik við Menntaskóla í tónlist undir handleiðslu Auðar Hafsteinsdóttur. Við sama skóla hefur hún einnig sótt tíma hjá Páli Palomares og stefnir á að ljúka framhaldsprófi í fiðluleik vorið 2023. Margrét Lára hefur komið fram á fjöldamörgum einleikstónleikum og með kammerhópum þar sem hún hefur spilað verk eftir helstu tónskáld klassískrar tónlistar. Hún hefur tekið þátt í hljómsveitarstarfi og spilað með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2018. Margrét Lára hefur sótt fjölda námskeiða í fiðluleik, bæði heima og erlendis, ásamt því að hafa tekið þátt í keppnum í fiðluleik og unnið til verðlauna. Samhliða tónlistarnáminu stundar Margrét Lára nám í Menntaskólanum í Reykjavík.

Franz Joseph Haydn (1732-1809) samdi ógrynni af tónlist á langri ævi. Hann átti sér marga samverkamenn og nemendur og oft er ekki fullljóst hvaða verk eru eftir hann sjálfan og hve stóran hlut aðrir áttu í verkunum. Af 11 verkum fyrir píanó og hljómsveit eru einungis þrjú sem eru hans svo ekki verður um villst. Píanókonsertinn nr. 11 er eitt þeirra. Konsertinn var saminn á árunum 1780-1783 og gefinn út á prenti 1784. Á forsíðu er þess sérstaklega getið að þetta sé eini píanókonsert tónskáldsins sem komið hafi út fram til þessa. Flestir hinna voru ekki gefnir út fyrr en að Haydn látnum. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur áður flutt fyrsta kafla konsertsins nr. 11. Það var í desember 2016 og var einleikarinn Klara Margrét Ívarsdóttir.



Josef Haydn



Vasyl Zaviriukha

Vasyl Zaviriukha er fæddur í Úkraínu 2009. Hann hefur stundað píanónám hjá dr. Nínu Margréti Grímsdóttur í fimm ár í framhaldsdeild Tónskóla Sigursveins og lauk miðprófi í píanóleik haustið 2020. Vasyl hefur unnið til verðlauna í píanókeppnum á undanförunum misserum, m.a. 1. verðlaun í VIII EPTA Iceland keppninni 2021, 1. verðlaun í EPTA Iceland 2018, 3. verðlaun í Chopin keppni Pólska sendiráðsins 2019 og 1. verðlaun í Royal Sound Music Competition 2021, 2. verðlaun í VIII Odin Online International Music Competition 2022, 1. verðlaun í Future Stars International Piano Competition 2021 og Brons verðlaun í Trinity International Music Competition 2021. Vasyl hefur m.a. komið fram á tónleikum á Barnamenningarhátíð, í Tjarnarsal Ráðhússins, sal Seðlabankans, Eldborg, Norðurljósum, Kaldalóni og í Salnum í Kópavogi.

Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1.fiðla

Helga Ragnheiður Óskarsdóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Vera Steinsen
Yasney Rojano Cruz
Jelena Kuzminova
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir

2.fiðla

Drífa Örvarsdóttir
Rannveig Anna Guðmundsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Runólfur Jóhannsson
Helga Andrésdóttir

Víóla

Sigita Siciuniene
Páll Ingvarsson
Súsanna Ernst Friðriksdóttir

Selló

Valdís G. Gregory
Yana Prykhodko
Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir

Bassi

Kjartan Guðnason

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Klarinett

Jose Boaventura
Íris Orradóttir

Fagott

Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Nína María Valgarðsdóttir

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Kjartan Ólafsson

Semball

Pétur Nói Stefánsson



Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.